



# SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands starfsárið  
2023-2024

## Starfsemi sálfræðingafélagsins 2023-2024

Formannskipti urðu á aðalfundi 2023 þegar Tryggvi Ingason lét af formennsku eftir farsælt starf. Nýr formaður hefur verið að læra handtökin við starfið en Pétur var í 50% starfi sem formaður frá maí 2023 og 80% frá 1. febrúar 2024. Kjaramál hafa verið fyrirferðarmikil í starfi félagsins undanfarið ár en skrifað var undir kjarasamninga til eins árs að vori 2023. Þeir samningar runnu út 31. mars s.l.. Veturinn hefur því einkenst af vinnu við kjaramál og samningaviðræður eru nú í gangi við viðsemjendur.

## Félagsmenn

Heildarfjöldi félagsmanna Sálfræðingafélags Íslands er nú 777.

Stéttarfélagsaðild hafa 615, fagaðild hafa 58. Nemar í klínískri sálfræði og sálfræðingar búsettir erlendis geta haft aukaaðild. Aðilar með aukaaðild eru nú 85. Fræðaaðild hefur einn og 18 hafa heiðurs- og lífeyrisaðild.

Árið 2023 voru gefin út 47 starfsleyfi sem er álíka fjöldi leyfa og gefin hafa verið út undanfarin ár. Það er rétt að vekja athygli á því að fjöldi útgefinna starfsleyfa hefur undanfarin ár að jafnaði verið 10-20% fleiri en sem nemur fjölda útskrifaðra úr klínísku framhaldsnámi í HÍ og HR. Íslenskir sálfræðingar sem kjósa að stunda sitt nám erlendis og erlendir sálfræðingar sem kjósa að búa og starfa á Íslandi eru mikilvægir samfélagi sálfræðinga á Íslandi vegna þess að með þeim eykst fjölbreytileiki fagsins og þau auðga þannig okkar faglegu menningu.

Ný sérfræðileyfi sálfræðinga á árinu 2023 voru 13 talsins.

## Stjórn

Í stjórn á starfsárinu sátu: Pétur Maack Þorsteinsson formaður, Helgi Héðinsson varaformaður, Álfheiður Guðmundsdóttur gjaldkeri, Hugrún Vignisdóttir ritari, Gyða Dögg Einarsdóttir meðstjórnandi, Kristbjörg Þórisdóttir meðstjórnandi og Lilja Magnúsdóttir meðstjórnandi.

Anna María Frímansdóttir er framkvæmdastjóri félagsins.

Á aðalfundi 2024 líkur kjörtímabili Helga Héðinssonar, Álfheiðar Guðmundsdóttur, Hugrúnar Vignisdóttur og Lilju Magnúsdóttur. Álfheiður og Hugrún gefa áfram kost á sér til stjórnarstarfa, Álfheiður sem gjaldkeri og Hugrún sem meðstjórnandi. Helgi og Lilja hverfa nú úr stjórn. Helgi hefur starfað í stjórn frá 2016 fyrst sem meðstjórnandi, þá sem ritari frá 2020 og loks sem varaformaður frá 2022. Lilja hefur starfað með stjórn frá 2022. Auk Helga og Lilju hefur Kristbjörg Þórisdóttir meðstjórnandi sem kosin var í stjórn á aðalfundi 2023 óskað eftir að láta af störfum sem meðstjórnandi. Stjórn SÍ færir öllum þremur kærar þakki fyrir góð störf þeirra í þágu félagsins og fagsins.

Fastir fundir stjórnar eru að jafnaði einu sinni í mánuði tvær klukkustundir í senn. Reglubundnir stjórnarfundir á starfsárinu sem nú er að ljúka voru 12 auk tveggja starfsdaga stjórnar.

## Nefndir

Skýrslur nefnda eru aðgengilegar á vef Sálfræðingafélagsins.

### Fagráð

Formaður Fagráðs er Gyða Haraldsdóttir. Fagráð var ekki kallað saman á árinu. Aðrir meðlimir fagráðs voru Hulda Sólrún Guðmundsdóttir og Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir.

### Siðanefnd

Formaður siðanefndar er Ingibjörg Markúsdóttir. Starfsemi nefndarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Aðrir meðlimir siðanefndar eru Guðrún Oddsdóttir, dr. Hörður Þorgilsson, dr. María K. Jónsdóttir og Matthías Matthíasson.

### Prófanefnd

Formaður prófanefndar er Auðunn Valborgarson. Nefndin fundaði einu sinni á árinu til að fylgja eftir stöðlun vitsmunaprófa. Aðrir nefndarmenn eru Soffía Elín Sigurðardóttir og Örnólfur Thorlacius.

### Fræðslunefnd

Fræðslunefnd var ekki starfandi á yfirstandandi starfsári.

## Fagdeildir

### Fagdeild sálfræðinga við skóla

Starf fagdeildar sálfræðinga við skóla var með hefðbundnu sniði á árinu og reis hæst með haustþingi að Hótel Varmalandi dagana 12.-13. október. Skýrsla fagdeildar er aðgengileg á vef Sálfræðingafélagsins. Álfheiður Guðmundsdóttir er formaður Fagdeildar sálfræðinga við skóla.

## Undirfélög

Skýrslur undirfélaga eru aðgengilegar á vef Sálfræðingafélagsins.

## Fagfélag sálfræðinga í heilsugæslu

Stjórn Fagfélags sálfræðinga í heilsugæslu fundaði reglulega á starfsárinu. Skýrsla félagsins er aðgengileg á vef Sálfræðingafélagsins. Gyða Dögg Einarsdóttir er formaður félagsins.

## Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi

Skýrsla stjórnar FSNA er aðgengileg á vef SÍ. Formaður félagsins er Karen Júlía Sigurðardóttir.

## Sálfræðiritið

Sigurður Viðar, Brynjar Halldórsson og Tómas Kristjánsson skipuðu ritstjórn Sálfræðiritisins árið 2023. Skýrsla ritstjórnar er aðgengileg á vef Sálfræðingafélagsins.

## Félagsstarf fastir liðir

### Haustfundur

Haustfundur SÍ var haldinn í HR föstudaginn 10. nóvember með hefðbundnu sniði. Umræðuefnið að þessu sinni var gervigreind undir yfirskriftinni: “Gervigreind, fyrirsjáanleg og möguleg áhrif hennar á sálfræðina” Framsögumenn voru dr. Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir stjórnarformaður Siðfræðistofnunar HÍ, Finnur Pálmi Magnússon tölvunarfræðingur og dr. Tómas Kristjánsson sálfræðingur og aðjúnkt við Sálfræðideild HÍ. Aðsókn var góð að vanda bæði á staðnum og í streymi. Þau sem mættu á staðinn gæddu sér á veitingum í boði félagsins að fundi loknum.

### Sálfræðiping

Sálfræðipingið fór fram dagana 6. til 8. mars. Dagskráin var með sama sniði og undanfarin ár og hófst með almenningsfræðslu miðvikudagskvöldið 6. mars. Dr. Tómas Kristjánsson hélt fræðsluerindi um sjálfsvíg og sjálfsvígsforvarnir og svaraði spurningum gesta að því loknu.

Fimmtudaginn 7. mars buðu ýmsir vinnustaðir og stofnanir sálfræðingum heim líkt og fyrri ár. Í ár voru fjórar fræðsluheimsóknir á vinnustaði í boði auk þess sem Dr. Rory O’Connor gestafyrirlesari þingsins hélt vinnustofu á Hótel Nordica. Aðsókn að vinnustofunni var mjög góð og hefði líklega verið hægt að endurtaka hana með viðlíka fjölda þátttakenda.

Ráðstefnudagur þingsins var föstudaginn 8. mars. Dr. Agnes Agnarsdóttir veitti heiðursverðlaunum SÍ viðtöku og er áttundi heiðursverðlaunahafi Sálfræðingafélags Íslands. Auk þess var viðurkenning fyrir framúrskarandi útskriftarverkefni veitt í sjötta sinn. Þá viðurkenningu hlaut nú Tinna Baldursdóttir sem lauk klínísku meistaranámi frá HR 2023.

Vísindadagskrá þingsins var venju samkvæmt góð með þátttöku fræðimanna og starfandi sálfræðinga. . Án öflugs fag- og vísindafólks er árlegt fagþing sálfræðinga í raun óhugsandi. Það er eftirtektar- og aðdáunarvert hversu sterkt vísindastarf er unnið innan sálfræðifagsins á Íslandi í ljósi þess hve þjóðin er fámenn.

### Annað félagsstarf

Umræða um geðheilbrigðismál er mikil og vaxandi. Meðal annars hefur umræða um hag fólks með ADHD, aðgang að ADHD-greiningum og meðferð og stærð þess hóps sem kann að vera haldin ADHD verið mikil. Til að bregðast við þessari umræðu héldu Sálfræðingafélag Íslands og Geðlæknafélag Íslands sameiginlegan félagsfund þann 12. október. Framsögur héldu fjórir sálfræðingar og fjórir geðlæknar. Pallborðsumræður í kjölfarið voru líflegar. Þann 28. nóvember voru formenn Sálfræðingafélagsins og Geðlæknafélagsins svo gestir í Pallborðinu á Stöð 2 ásamt formanni ADHD samtakanna þar sem umræðan um greiningar og meðferð við ADHD hélt áfram.

### Fundir með meistaranemum í klínískri sálfræði

Formaður og framkvæmdastjóri funduðu tvisvar með MS-nemum í klínískri sálfræði. Fyrri fundurinn var 13. október þar sem Sálfræðingafélagið og starfsemi þess var kynnt fyrir nemum. Seinni fundurinn fór fram 7. febrúar. Þar var útskriftarnemum boðið sérstaklega til umræðu um kjaramál sálfræðinga og stéttarfélagshlutverk sálfræðingafélagsins.

### BHM

BHM eru heildarsamtök 24 sjálfstæðra stéttarféлага háskólamenntaðra. Þátttaka í starfi BHM er Sí mikilvæg auk þess sem framlag sálfræðinga á ýmsum vettvangi BHM er bandalaginu mikilvægt. Aðalfundur í maí 2023.

Haustið 2023 tóku formaður og framkvæmdastjóri þátt í töluverðri vinnu með það að markmiði að greina væntingar og þarfi aðildarféлага BHM til miðlægrar þjónustu bandalagsins við aðildarfélög einstaka félagsmenn. Þeirri vinnu er ekki lokið og vel má halda því fram að henni eigi aldrei að ljúka þar sem hlutverk BHM ætti að vera í stöðugri endurskoðun.

Fulltrúar Sí í nefndum og stjórnnum BHM:

Anna María Frímansdóttir er fulltrúi í framkvæmdanefnd starfsmats

Tryggvi Guðjón Ingason er formaður í stjórn sjúkrasjóðs

Pétur Maack Þorsteinsson er varamaður í lífeyris- og lánanefnd

### Húsnæðismál

Aðsetur Sálfræðingafélagsins hefur um langt árabil verið að Borgartúni 6 þar sem Sálfræðingafélag Íslands á hlut í fasteign ásamt BHM og fleiri aðildarfélögum BHM.

Húsfélag BHM sf. heldur utan um húseignina og er hlutur hvers aðildarfélags í félaginu í réttu hlutfalli við eignarhlut í fasteigninni. Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að húsnæðið að Borgartúni 6 væri orðið of lítið fyrir þá starfsemi sem þar var auk þess sem komið er að töluverðu viðhaldi á húseigninni. Þar koma til lekavandamál með rakaskemmdum og mygla sem m.a. er staðfest að hefur haft neikvæð áhrif á heilsufar einhverra starfsmanna í húsinu. Vegna þessa var tekin ákvörðun um flutning út Borgartúni 6 auk þess sem Húsfélagið veitti heimild til sölu fasteignarinnar. Vegna þessa hefur Sálfræðingafélagið flutt aðsetur sitt að Borgartúni 27 þar sem félagið leigir nú skrifstofu á 2. hæð ásamt 9 öðrum aðildarfélögum BHM. Fleiri aðildarfélög eru á leið í húsið auk þess sem aðalskrifstofa BHM er nú á jarðhæð í sama húsi. Eigendafélag húseignarinnar að Borgartúni 6 hefur ákveðið að sú fasteign verði seld. Það er afstaða stjórnar SÍ að þó að núverandi leiga sé hagstæð sé farsælla til framtíðar að félagið verði í eigin húsnæði ásamt fleiri aðildarfélögum BHM og aðalskrifstofu BHM.

## Erlent samstarf

Samstarf við starfssystkini á Norðurlöndum og í Evrópu er Sálfræðingafélagi Íslands mikilvægt. Á yfirstandandi starfsári var það með hefbundnu sniði. Fráfarandi formaður, Tryggvi Ingason sótti vörfund formanna sálfræðingafélaganna á Norðurlöndum (SAK) ásamt Önnu Maríu Frímansdóttur framkvæmdastjóra SÍ í apríl 2023. Nýr formaður sótti svo haustfund SAK í Helsinki ásamt Önnu Maríu í október. Aðalfundir EFPA eru haldnir annað hvert ár. Aðal fundur EFPA árið 2023 var haldinn í Brighton á Englandi. Pétur og Anna María sóttu þann fund fyrir hönd SÍ. Á ráðstefnu í tengslum við fundinn kynnti María K. Jónsdóttir vinnu við endurskoðun norrænna siðaregla sálfræðinga.

## Kjaramál

Kjaramál hafa verið ofarlega á baugi á undanfögnu starfsári. Vorið 2023 var skrifað undir eins árs kjarasamning við alla viðsemjendur sem gildi frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Stuttur aðalkjarasamningur rann út 31. mars s.l. Sálfræðingafélagið tekur nú þátt í samstarfi 13 aðildarfélaganna BHM í kjaraviðræðum. Viðsemjendur okkar hafa lagt ríka áherslu á langtímasamning til fjögurra ára með sömu prósentuhækkunum og í þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir á almennum vinnumarkaði. Á móti hafa BHM félögin bent á að kaupmáttur okkar félagsmanna hefur því sem næst staðið í stað um langt árabíl og kaupmáttaraukning háskólastétta verið miklu minni undanfarin ár en flestra annarra á vinnumarkaði. Það er ljóst að í dag ber verulega á milli samningsaðila.

## Réttindamál

Með fjölgun félagsmanna hefur fylgt að réttindamálum sem formaður og framkvæmdastjóri koma að eða reka fyrir hönd félagsmanna hefur fjölgað. Erindarekstur af þessu tagi er vaxandi hluti af starfi framkvæmdastjóra og formanns.

## Fagmál og aðrar áherslur

Umræða um geðheilbrigðismál og andlega velferð er mikil og vaxandi. Það er markmið og hlutverk sálfræðingafélagsins að vera virkur aðili að því samtali. Áherslumál félagsins er að bæta aðgengi að vandaðri meðferð sem víðast í heilbrigðiskerfinu. Þar gildir bæði að tryggja aðgengi á öllum stigum opinbera heilbrigðiskerfisins, í félags- skóla- og velferðarþjónustu sveitarfélaga og ekki síður að bæta aðgengi að þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga með því að efla rammisamning Sjúkratrygginga við sálfræðinga þannig að fleiri sálfræðingar sjái sér hag í að starfa eftir samningnum. Formaður og framkvæmdastjóri hafa á starfsárinu fundað einu sinni með Sjúkratryggingum Íslands vegna rammisamnings sálfræðinga auk þess að fá fund með heilbrigðisráðherra vegna aðgengis almennings að þjónustu sálfræðinga og vegna starfsþjálfunarárs sálfræðinga en það mál er unnið í samráði við umsjónarmenn klínísks náms við sálfræðideildir HÍ og HR. Starfshópur um starfsþjálfunarár skilaði af sér vandaðri vinnu árið 2022 og í kjölfarið var í heilbrigðisráðuneytinu unnin breytingareglugerð við reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sálfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Breytingar á reglugerðinni stöðvuðust þá án þess að viðhlítandi skýringar hafi fengist á því. Áfram er unnið að því að fá svör fá yfirvöldum um hvers vegna þessi vinna hafi stöðvast og að koma ferlinu af stað á ný.

Þann 8. júní hélt SÍ starfdag um sérfræðiviðurkenningu í félagi við FSKS og sálfræðideildir HR og HÍ. Mæting var góð og skiluðu félagsmenn af sér ágætri vinnu undir stjórn Guðrúnar Ragnarsdóttur hjá Strategiu ráðgjöf.

Formaður átti samtöl við fulltrúa starfandi vinnusálfræðinga um möguleika á því að gera vinnu- og skipulagssálfræði sem undirgrein sálfræðinnar hærra undir höfði í starfi félagsins. Þar er horft til stofnunar fagdeildar eða fastanefndar. Þessu samtali verður haldið áfram á nýju starfsári.

f.h. stjórnar



Pétur Maack Þorsteinsson formaður SÍ





### **Stjórn og starfsfólk Sálfræðingafélags Íslands 2023-2024**

Frá vinstri: Anna María Frímannsdóttir framkvæmdastjóri, Álfheiður Guðmundsdóttir gjaldkeri, Helgi Héðinsson varaformaður, Pétur Maack Þorsteinsson formaður, Kristbjörg Þórisdóttir meðstjórnandi, Hugrún Vignisdóttir ritari, Lilja Magnúsdóttir meðstjórnandi og Gyða Dögg Einarsdóttir meðstjórnandi.